

Hafnarfjarðarbær
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 23. september 2021
UST202109-170/Þ.V.B.
09.07.01

Leyfi fyrir jarðegskönnun við Krísuvíkurbjarg

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Hafnarfjarðarbæjar, dagsett 31. ágúst 2021, um leyfi til jarðvegskönnunar við Krísuvíkurbjarg innan Reykjanesfólkvangs.

Reykjanesfólkvangur er friðlýstur sem fólkvangur sbr. auglýsing nr. 520/1975. Jarðrask á svæðinu er óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Þann 3. nóvember 2020 fékk Hafnarfjarðarbær leyfi til að grafa 6-10 holur við Krísuvíkurbjarg til að kanna ástand bergsins vegna hönnunar á burðarkerfi fyrir útsýnispall sem verið var að hanna fyrir svæðið. Útsýnispallurinn verður staðsettur við Heiðnaberg skv. gildandi deiluskipulagi. Í kjölfar jarðhræringa á svæðinu seinustu mánuði er talin þörf á að endurtaka könnunina. Grafnar yrðu holur á sömu stöðum og áður til að meta bergið. Að verkinu koma 2 starfsmenn með traktorsgröfu. Þegar fyllt hefur verið upp í holurnar verður efsta lag gróðurs sett aftur yfir. Ráðgert er að verkið verkið taki einn dag og verði gert um leið og hægt er.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að rýra verndargildi svæðisins. Framkvæmd hefur neikvæð áhrif á gróðurþekju á svæðinu og getur haft áhrif á ásýnd svæðisins. Umhverfisstofnun metur að hægt sé að vega upp á móti neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar sé farið eftir þeim skilyrðum sem sett eru fyrir leyfinu.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Hafnarfjarðarbæ fyrir sitt leyti leyfi fyrir gerð holanna við Krísuvíkurbjarg innan Reykjanesfólkvangs sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 24. september – 15. nóvember 2021 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Starfsmenn verkefnisins skulu vera vel merktir og útskýra fyrir gestum svæðisins hvað sé í gangi.

- Einungis skal aka traktorsgröfunni að og innan skilgreinds framkvæmdasvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Framkvæmdasvæði er bundið við það svæði sem fyrirhugað er að setja niður útsýnispallinn skv. teikningum/kortum sem fylgdu umsókn.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Holurnar skulu grafnar á þann hátt að efsta gróðurþekjan sé raskað eins lítið og mögulegt er. Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Þegar fyllt hefur verið upp í holurnar að athugun lokinni skal leggja gróðurþökurnar sem grafnar voru upp, aftur yfir.

Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun óskar eftir að farið sé vel yfir athugasemdir stofnunarinar sem komu fram í umsögn fyrir greinagerð fyrir deiliskipulag Krýsuvíkurbjargs unnið af Landmótun. Þá er helst átt við umsögn sem snýr að staðsetningu fuglaskoðunar og áningarstaða í samræmi við búsvæði fuglsins í bjarginu.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Magnús Freyr Sigurkarlsson
sérfræðingur